

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



Reykjavík 25. ágúst 2016
UST201608-084/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hringvegur um Morsá á Skeiðarársandi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 16. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Vegna breytinga á rennsli Skeiðarár sem nú fellur í Gígjukvísl er verið að byggja nýja brú á Morsá. sem koma mun í stað núverandi Skeiðarárbrúar sem er um 800 m löng einbreið brú. Ráðgert er að Skeiðarárbrú verði látin standa til frambúðar.

Að nýrri brú er ráðgert að leggja rúmlega 3 km langan veg og verða þessi mannvirki um 100 m norðan núverandi vegar og brúar.

Heildar efnisþörf vegna vegagerðarinnar er um 106.000 m³ sem verða ýmist teknir úr skeringum eða úr námum nærri framkvæmdasvæðinu. Einnig úr nýjum farvegi sem verður gerður til að beina Morsá undir nýja brú. Við efnistöku úr námum verður þess gætt að taka efni frekar grunnt til að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökkunnar. Framkvæmdasvæðið er gróðurlítið eða gróðursnautt og telur Umhverfisstofnun að ummerkin eftir efnistökkuna muni hverfa fljótt þegar vatn og vindur hafa farið um röskuð svæði ef þess er gætt að taka efni ekki of djúpt.


Umhverfisstofnun telur jákvætt að Vegagerðin hafi valið að staðsetja nýja brú norðan núverandi brúar til að spilla ekki ásýnd frá vegi til jökla.

Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar gætu orðið sjónræn áhrif vegna nálægðar við núverandi Skeiðarárbrú. Stofnunin telur að leggja eigi áherslu á viðhald brúarinnar þannig að hún verði ekki til lýta í sérstæðu umhverfi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri